

## Umf. Ármann

Óskar eftir aðila til að sjá um fótboltaæfingar frá janúar til maí. Vinnutíminn eru 1,4 klst einu sinni í viku og er um að ræða yngri hóp 6-9 ára og eldri hóp 10-16 ára. Æfingar fara fram í Íþróttamiðstöðinni Kirkjubæjarklaustri.

Allar nánari upplýsingar gefur Linda Agnars í gegnum netfangið [linda@klaustur.is](mailto:linda@klaustur.is).

Stjórnin

## Söfnun á plasti:

Álftaver og Skaftártunga 16. jan.  
Síða, Landbrot og Meðalland 17. jan.

VITINN- smáauglýsingablað kemur út miðvikudaga og er dreift á öll heimili í Vestur-Skaftafellssýslu og Austur- og Vestur- Eyjafjöll.

Útg. Fréttabúi Sunnubraut 6, 870 Vík

Auglýsingar berist fyrir kl. 10 miðvikudagsmorgna, auglýsingasími: **4871429** - netfang: [frettir@simnet.is](mailto:frettir@simnet.is)

VITINN ÓSKAR LESENDUM GLEÐILEGS ÁRS

# VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SIMI: 4871429 & 8917810 NETFANG [frettir@simnet.is](mailto:frettir@simnet.is)

**Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á þriðjudagsmorgnum**

## LOKUN VEGNA VIÐGERÐAR

Framrás lokar miðvikudaginn 10. janúar til þriðjudagsins 16. janúar

Vegna viðgerðar á verkstæðisgólfi



## Fundur um samgöngur-umferðaröryggi.

Boðað er til stofnunar áhugamannahóps um bættar samgöngur í Mýrdal.

Fundurinn verður haldinn á Hótel Eddu miðvikudaginn 17. janúar n.k. kl 20:00

Allir áhugasamir velkomnir

Undirbúningsnefndin  
Vinir vegfarandans

1. TBL. 24. ÁRGANGUR. MIÐVIKUDAGINN 10. JANÚAR 2018

## Hefur þú áhuga á markaðssetningu og vörupróun?



**Friður og frumkraftar, hagsmunafélag atvinnulífs í Skaftárhreppi/ Visit Klaustur leitar að verkefnisstjóra til starfa á Kirkjubæjarklaustri frá 1. febrúar 2018.**

**Friður og frumkraftar er klasi um 30 fyrirtækja og stofnana sem vinna að sameiginlegri markaðssetningu og vörupróun fyrir Skaftárhrepp. Skaftárhreppur er eitt fegursta svæði landsins, en innan marka hans eru bæði Vatnajökulspjóðgarður og Katla jarðvangur.**

### Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- \* Umsjón með daglegum rekstri klasans
- \* Stefnumótunarvinna, áætlanagerð og öflun styrkja
- \* Markaðssetning, auglýsingar og kynningarmál
- \* Stuðla að aukinni samvinnu aðila innan og utan svæðis
- \* Efla gæði og stuðla að vörupróun
- \* Ímyndar- og kynningarvinna fyrir svæðið

### Menntunar og hæfniskröfur:

- \* Háskólamenntun og/eða starfsreynsla sem nýtist í starfi td. á sviði viðskipta, markaðs- eða ferðamála
- \* Þekking og reynsla á helstu samskiptavefjum
- \* Þekking og reynsla á sviði atvinnu- og/eða ferðamála
- \* Hæfni í mannlegum samskiptum
- \* Frumkvæði, drifkraftur og skipulagshæfni
- \* Góð íslensku og ensku kunnátta skilyrði, þriðja tungumál er kostur

Umsókn þarf að fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf um hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 25. janúar 2018, fyrirspurnir og umsóknir skulu vera sendar á netfangið [visitklaustur@visitklaustur.is](mailto:visitklaustur@visitklaustur.is) en nánari upplýsingar veita Kristbjörg í síma: 8497917 eða Þorbjörg í síma: 8676942

Bókaútgáfan Sæmundur:

## Fornar ferðaleiðir í Skaftárhreppi

Heimildarrit væntanlegt í mars 2018

Kirkjubæjarstofa stendur að gerð bókarinnar en höfundur er Vera Roth. Í heimildarritinu gefur að líta helstu upplýsingar varðandi fornar ferðaleiðir í Vestur-Skaftafellssýslu eins og þær voru um miðbik 19. aldar og fram yfir aldamótin 1900.

Sérstök áhersla er lögð á það landsvæði er nú tilheyrir Skaftárhreppi. Leitað hefur verið heimilda um helstu ferðaleiðir; í hvaða tilgangi menn fóru þær og hvar þær lágu í landinu, ásamt ferðasögum, ljósmyndum og öðrum frásögum er efninu tengjast.

Úrval gamalla ljósmynda prýða bókina, margar þeirra eru úr myndasafni Lilju Magnúsdóttur en hún hefur unnið að söfnun og skráningu ljósmynda úr Vestur-Skaftafellssýslu. Rætt var við fjölmarga heimildarmenn, bæði heima í héraði sem og brottflutta Skaftfellinga og hafa þeir lagt til ómetanlegar upplýsingar svo sem um staðsetningu örnefna, frásögur, ljósmyndir og aðrar heimildir.

Verkefnið hefur einni notið veglegra styrkveitinga.

Kirkjubæjarstofa þakkar öllum sem lagt hafa hönd á plóginn og gert þetta rit að veruleika.

Þeim sem hafa áhuga á að festa sér eintak af bókinni í forsölu er bent á að hafa samband sem fyrst við Kirkjubæjarstofu; sími 487-4645, 892-9650 eða senda tölvupóst á netfangið [kbstofa@simnet.is](mailto:kbstofa@simnet.is).

Bókin kostar 7000 krónur í forsölu en verður um 9000 krónur í smásölu.

## Skaftárhreppur



Laus er til umsóknar staða slökkviliðsstjóra í Skaftárhreppi. Um er að ræða 30% starfshlutfall. Leitað er af drífandi einstaklingi með mikið frumkvæði til að byggja upp öfluga liðsheild slökkviliðs Skaftárhrepps.

### Starfssvið

- \* Yfirumsjón með rekstri og viðhaldi tækja og búnaðar slökkviliðs
- \* Eldvarnareftirlit í samstarfi við byggingarfulltrúa
- \* Umsjón með útkallslista slökkviliðs
- \* Gerða Brunavarnaráætlunar og eftirfylgni
- \* Vettvangsstjórnun

### Menntunar- og hæfniskröfur

- \* Löggilding sem slökkviliðsmaður með eins árs starfsreynslu í slökkviliði eða háskólamenntun með sérmenntun í brunamálum
- \* Meirapróf
- \* Reynsla af mannaforráðum kostur
- \* Lipurð í mannlegum samskiptum

Slökkviliðsstjóri starfar samkvæmt lögum nr. 75/2000 um brunavarnir.

Uppfylli engin umsækjandi ofangreindar kröfur er sveitarstjórn heimilt að ráða slökkviliðsstjóra tímabundið til starfa.

Laun eru greidd skv. kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 24. janúar n.k. Nánari upplýsingar um starfið veita Bjarki Guðnason slökkviliðsstjóri á [bjarkig@klaustur.is](mailto:bjarkig@klaustur.is) eða Sandra Brá Jóhannsdóttir sveitarstjóri [sveitarstjori@klaustur.is](mailto:sveitarstjori@klaustur.is). Umsóknir berist á [sveitarstjori@klaustur.is](mailto:sveitarstjori@klaustur.is)

## Skaftárhreppur



### Starfsmaður í viðhaldsverkefni hjá Skaftárhreppi

Skaftárhreppur óskar eftir að ráða starfsmann í 100 % stöðu í viðhaldsverkefni á fasteignum sveitarfélagsins, um framtíðarstarf er að ræða.

### Starfssvið:

- \* Ýmis viðhaldsverkefni á fasteignum sveitarfélagsins
- \* Sláttur og hirðing opinna svæða
- \* Þátttaka í undirbúningi viðburða á vegum sveitarfélagsins
- \* Ýmis tilfallandi verkefni

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Fjölbreytt verkkunnátta
- Iðnpróf er kostur
- Frumkvæði og jákvæðni
- Góðir samskiptahæfileikar
- Stundvísi
- Sjálfstæði í vinnubrögðum

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Laun samkvæmt kjarasamningum viðeigandi stéttarfélags og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Nánari upplýsingar veitir sveitarstjóri, á netfang: [sveitarstjori@klaustur.is](mailto:sveitarstjori@klaustur.is) eða í síma 487 4840.

Umsóknarfrestur er til og með 20. janúar 2018 og skulu umsóknar sendar á netfangið [sveitarstjori@klaustur.is](mailto:sveitarstjori@klaustur.is) eða á skrifstofu Skaftárhrepps.